



norden

Norræna ráðherranefndin

# Norðurlönd án landamæra

Greinargerð sérskipaðs fulltrúa samstarfsráðherra, Poul Schlüter, 2004



# Efnisyfirlit

Formáli	3
Efling upplýsinga og samhæfing	4
Vinnumarkaðssviðið	5
Atvinnusviðið	7
Menntunarsviðið	10
Félags- og heilbrigðissviðið	12
Skattasviðið	16
Svæðasviðið	18
Dómsmálasviðið	19
Neytendasviðið	19
Þverlæg þemu í vinnunni við að afnema landamærahindranir	20
Sérstakar landamærasvæðahindranir	21

ANP 2004:776

Afnám landamærahindrana

2004 Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn

Hönnun: Due Design AS 3390-291004

ISBN 92-893-1071-5



# Formáli

Vinna Norrænu ráðherranefndarinnar við afnám landamærahindrana fékk byr undir báða vængi í formennskutíð Svía sem settu Norðurlönd sem heild ofarlega á pólitíska dagskrá. Við það tækifæri var ég skipaður fulltrúi samstarfsráðherra varðandi vinnuna við að afnema landamærahindranir milli norrænna landa. Það skiptir miklu bæði fyrir norræna þegna og norrænt atvinnulíf og ég var ekki í vafa um að þar var komið verkefni sem ég færðist gjarnan í fang. Ég hikaði heldur ekki þegar Íslendingar í sinni formennskutíð 2004 og Danir, sem taka við formennsku, báðu mig um að halda áfram með verkefnið til ársloka 2005.

Starfið í ár hefur að miklu leyti falist í því að halda áfram þeirri markvissu starfsemi sem drög voru lögð að árið 2003. Margir embættismenn hafa unnið beint með ýmsar tillögur sem ég lagði fram í fyrra. Flestar hafa verið teknar til umfjöllunar af norrænum ráðherrum. Ýmsar af þeim umræðum hafa þegar borið ávöxt og lausn fundin á ýmsum vandamálum. Önnur eru hins vegar því miður enn óleyst. Mikilvægur þáttur í þessu ferli er að starfið við að afnema landamærahindranir er nú óhjákvæmilegt þema á dagskrá norrænna ráðherra. Þar með skapast grundvöllur fyrir því að unnt sé að ná enn meiri og eftirtektarverðari árangri í baráttu okkar fyrir Norðurlöndum án landamæra.

Á árunum 2003 og 2004 hef ég einbeitt mér að hindrunum varðandi þegna sem flytjast milli norrænna landa. Samtímis hófust norrænir ráðherrar vinnumála/atvinnulífs handa um mikilvægt verkefni árið 2003. Þeir vildu kanna hvaða landamærahindranir norrænt atvinnulíf ætti við að etja. Þeir ákváðu að byrja á því að láta gera skrá yfir þessar hindranir. Skráin var unnin af norrænu stofnuninni Norræna nýsköpunarmiðstöðin. Skráin skapar nýjan og mikilvægan grundvöll fyrir frekari vinnu við að afnema landamærahindranir á Norðurlöndum.

Það skiptir miklu að festa áþreifanlega hönd á því sem kemur í veg fyrir opinn og hreyfanlegan vinnumarkað. Sameiginlegt takmark okkar hlýtur að vera Norðurlönd sem stöðugt sterkari heild. Norræn fyrirtæki líta nú þegar á Norðurlönd sem heimamarkað. Með síaukinni hnattrænni samkeppni er ekki síður mikilvægt að okkur Norðurlandabúum takist að marka okkur stöðu sem opið og landamæralaust svæði. Þróun ESB gerir það takmark enn brýnna og þá ekki síst stækkun ESB sem þýðir einingu Evrópu. Hér hvorki getur né á norræn samvinna að keppa við evrópska samvinnu heldur haga sínu í samræmi við það. Helst ættum við að ná skrefinu lengra varðandi hreyfanleika þegna milli norrænna landa og viðskipti og fjárfestingar fyrirtækja yfir landamæri. Norðurlönd ættu að vera brautryðjendasvæði fyrir árangursríkan innri markað. Sú vinna sem nú er hafin verður að hafa í för með sér raunhæfar úrbætur.

Samkvæmt umboði mínu ber mér að gera grein fyrir því sem áunnist hefur í árána rás á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 2004. Greinargerðin er skrifleg og þar mun ég gera því skil sem áunnist hefur, því sem enn er í vinnslu og loks því sem norrænar ríkisstjórnir hafa enn ekki náð samkomulagi um. Greinargerðin er alfarið á mína ábyrgð. Norrænir ráðherrar hafa ekki tekið hana til umfjöllunar.

Kaupmannahöfn 14. október 2004

**Poul Schlüter**

*Sérskipaður fulltrúi samstarfsráðherra*

# Efling upplýsinga og samhæfing

Vinnan við afnám landamærahindrana mótast nú af mörgum þáttum. Hver um sig gegnir því hlutverki að afnema áþreifanlegar hindranir til að skapa opinn og hreyfanlegan vinnumarkað bæði fyrir þegna og fyrirtæki á Norðurlöndum. Tvíhliða norrænar upplýsingaþjónustur, norræna upplýsingaþjónustan Halló Norðurlönd og norrænar landamærasvæðanefndir gegna hver um sig mikilvægu hlutverki í þessu starfi.

Til eflingar og samhæfingar á framlagi til þessarar starfsemi hefur verið stofnuð landamæramáladeld innan skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Skrifstofan samhefir vinnuna við afnám landamærahindrana bæði hvað varðar viðkomandi fagraðherranefndir innan Norrænu ráðherranefndarinnar, norrænar upplýsingaþjónustur og norrænar landamæranefndir. Hvað landamæranefndirnar snertir hefur skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar haft frumkvæði að því að koma á fót svonefndri *miðstöð landamæramál-efna*. Tilgangurinn með henni er að koma upp neti sérfræðinga sem hittast bæði til að miðla reynslu og upplýsingum um starfið við afnám landamærahindrana, auðkenna vandamálasvið sem krefjast pólitískrar umfjöllunar og efla upplýsingaframlag á samhæðari hátt milli einstakra norrænna upplýsingaþjónusta. Ætlunin er að koma upp rafrænu fundartorgi sem hlutaðeigandi aðilar geta haft samband við og skipst á upplýsingum. Í maí 2004 var haldin málstofa um stofnun slíks nets. Framhaldsmálstofa verður haldin í október 2004.

## Efling upplýsinga til þegnanna

Réttar og aðgengilegar upplýsingar til þegnanna skipta sköpum um það hvort vekja megi áhuga norrænna borgara á að flytja, sækja vinnu eða nám yfir norræn landamæri. Til að tryggja slíkar upplýsingar kom Norræna ráðherranefndin á fót upplýsingaþjónustunni *Halló Norðurlönd* árið 1998. Verkefni hennar er að veita borgurum ráð og leiðbeiningar kjósi þeir að búa, starfa eða stunda nám í öðru norrænu landi. *Halló Norðurlönd* var í byrjun símaþjónusta en er nú að grunni til upplýsingaþjónusta á Netinu. Heimasíða hennar er [www.hallonorden.org](http://www.hallonorden.org) og er hún það mál gagn sem nær til flestra neytenda. Heimasíðan virkar eins og norrænt bókasafn með upplýsingar og tengi við viðkomandi umfjöllunaraðila og yfirvöld og er þar finna undir einum hatti norræna samninga og samkomulög. Til að efla upplýsingaþjónustuna *Halló Norðurlönd* samþykktu norrænir samstarfsráðherrar auk þess endurbætur á starfsmannahaldi varðandi hana í ársbyrjun 2004.

# Vinumarkaðssviðið

Á sviði vinnumarkaðar hef ég borið fram ýmsar tillögur sem ættu að stuðla að því að skapa hreyfanlegan og opinn vinnumarkað á Norðurlöndum. Norrænn vinnumarkaður er að mörgu leyti samstæður en þar er þó enn að finna ýmis frávik frá einu landi til annars. Þess vegna skiptir sköpum að tryggja opnum og hreyfanlegum vinnumarkaði á raunsæjan hátt víðari ramma.

## ÉG HEF BORIÐ FRAM EFTIRFARANDI TILLÖGUR:

- A Að samnorræni vinnumarkaðssamningurinn nái jafnframt til annarra þegna en norrænna með varanlegt landvistar- og dvalarleyfi.
- B Að slaka á aðildar- og úrsagnarkröfum varðandi norræna borgara í atvinnuleysis-tryggingakerfum í norrænu landi.
- C Að koma á fót samnorrænu vinnumiðlunarkerfi á norrænum landamærasvæðum á Netinu.
- D Að kröfur um þekkingu komi í stað kröfu um ríkisfang þegar ráðið er í lausar stöður.

Hér á eftir verður nánar fjallað um hverja tillögu fyrir sig.

**A Samnorræni sáttmálinn nái jafnframt til annarra þegna en norrænna með varanlegt landvistar- og dvalarleyfi.**

## VANDI

Samnorræni vinnumarkaðssáttmálinn tryggir að norrænir þegnar geti að vild unnið í öðru norrænu landi. Sáttmálinn nær ekki til annarra þegna en norrænna (frá þriðju ríkjum) sem fengið hafa varanlegt landvistar- og atvinnuleyfi.

## TILLAGA

Með það í huga lagði ég til við norræna vinnumálaráðherra að íhuga að taka aðra þegna en norræna með í samnorræna vinnumarkaðssáttmálann.

## UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Norrænir vinnumálaráðherrar ákváðu að hafna tillögunni. Þeir rökstuddu það með því að ekki væri grundvöllur fyrir að fjölga tilteknum hópum í samningnum þar sem það hefði í för með sér frekari forréttindi viðkomandi hópi til handa en borgarar í hinum nýju aðildarlöndum ESB njóta á meðan þeir heyra undir aðlögunarreglur á fjórum Norðurlandanna.

Í stað þess hefur verið skipaður norrænn vinnuhópur sem á að endurskoða norræna sáttmálann um samnorrænan vinnumarkað. Ætlað er að endurskoðun verði lokið árið 2005 en þá hafa Danir tekið við formennsku í norrænu samstarfi.

**B Sveigjanlegt kerfi þannig að norrænir borgarar geti notið atvinnuleysistrygginga í öðru norrænu landi**

## VANDI

Skilyrði fyrir því að njóta atvinnuleysistrygginga á Norðurlöndum eru mismunandi.

## TILLAGA

Til að ná fram frekara samræmi í reglum um atvinnuleysistryggingar hef ég lagt til að norrænir vinnumálaráðherrar líti nánar á skilyrði fyrir aðild að norrænum atvinnuleysistryggingasjóðum. Ein tillagan var að slaka á aðildar- og úrsagnarkröfum í atvinnuleysistryggingakerfum fyrir borgara á Norðurlöndum.

## UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Norrænu vinnumálaráðherrar hafa metið möguleikana á því að ná fram frekari einingu norrænu atvinnuleysistryggingakerfanna innan reglugerðaramma ESB. Á Norðurlöndum hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að samræming á þessu sviði sé afar flókin. Þeir eru þó sammála um að mest ríði á að tryggja nægar upplýsingar um reglurnar. Reglur um aðild og úrsögn í norrænum atvinnuleysistryggingasjóðum skulu settar fram á glöggan hátt á heimasíðu norrænu upplýsingaþjónustunnar *Halló Norðurlönd*.

**c Samnorræn vinnumiðlun á Netinu á norrænum landamærasvæðum**

**VANDI**

Auðvelda skal atvinnuleit yfir norræn landamæri. Þess vegna verður að vera auðvelt að nálgast upplýsingar um lausar stöður og hæft starfsfólk á norrænum landamærasvæðum.

**TILLAGA**

Með tilliti til þess hef ég lagt til við norræna vinnu- málaráðherra að auka aðgengi að norrænum vinnumiðlunum á Netinu þannig að sá sem leitar vinnu geti auðveldlega fengið upplýsingar um lausar stöður á næsta landamærasvæði.

**UMFJÖLLUN/NÍÐURSTAÐA**

Norrænn vinnuhópur hefur metið tæknilega möguleika á þessu. Samkvæmt áskorun frá honum hafa norrænir vinnumálaráðherrar samþykkt að auka aðgengi Norðurlandabúa að lausum stöðum og skapa atvinnuleitendum og vinnuveitendum á Norðurlöndum betri skilyrði. Hafist verður handa með tilraunaverkefni á Eyrarsundssvæðinu þar sem Norðurlandabúar geta fengið rafrænt upplýsingar um lausar stöður á Netinu.

**d Krafa um þekkingu í stað kröfu um ríkisfang þegar ráðið er í lausar stöður**

**VANDI**

Gerðar eru kröfur um ríkisfang í sambandi við ráðningar í vissar stöður á Norðurlöndum. Fyrirverandi samstarfsráðherra, Finninn Ole Norrback, kom með áþreifanlegt dæmi um það í skýrslunni „Réttindi Norðurlandabúa“. Sænskur borgari búsettur í Finnlandi fékk ekki stöðu hagfræðings við finnsku kirkjuna (safnaðar- hagfræðingur) þar sem þar var krafist finnsks ríkisfangs.

**TILLAGA**

Krafa um ríkisfang við ráðningu í vissar stöður er í sumum tilvikum nauðsynleg. Hins vegar eru líka dæmi um að slíkt sé óþarft og sýni frekar úrelta löggjöf. Ég lagði því til við norræna vinnumála- ráðherra að kanna hvaða stöður það séu sem krafan um ríkisfang nær til.

**UMFJÖLLUN/NÍÐURSTAÐA**

Unnin hefur verið listi yfir stöður sem krafan um ríkisfang nær til. Ég býð þess að fá hann í hendur. Frekari tillögur sem ég ber upp við ráðherrana miðast við það.

# Atvinnusviðið

Í haust, árið 2004, verður ekki aðeins unnið að því að afnema landamærahindranir norrænum þegnum í hag heldur skal líka afnema landamærahindranir á Norðurlöndum atvinnulífinu í hag. Sú vinna er þegar hafin. Norrænir atvinnuáráðherrar hafa látið gera skrá yfir áþreifanlegar landamærahindranir fyrir norrænt atvinnulíf. Um þetta var rætt á fundi ráðherranna í septemberbyrjun 2004. Norrænir atvinnuáráðherrar hafa ákveðið að byrja á þeim hömlum sem heyra undir þeirra ábyrgðarsvið, sbr. hér að neðan. Auk þess eru landamærahindranir sem aðrir fagráðherrar verða að ráða fram úr en norrænu atvinnuáráðherrar. Verkefni mitt verður að bera þau mál upp, sem á brenna, við norrænar ríkisstjórnir.

## MÁL BORIN UPP VARÐANDI ATVINNULÍFSSVIÐIÐ ERU T.D.:

- A Virkur áhættufjármagnsmarkaður
- B Upplýsingagátt fyrir atvinnulífið
- C Gagnkvæm viðurkenning vottorða og löggildinga á byggingar- og húsnæðissviði
- D Lögleiðing tilskipana ESB um félagarétt
- E Norræn samhæfing á eftirliti með mælitækjum

Hér verður fjallað nánar um tillögurnar.

### A Norrænn áhættufjármagnsmarkaður

#### VANDI

Skilvirkur áhættufjármagnsmarkaður er mikilvæg forsenda nýsköpunar byggðri á tækni. Þar er helsta viðfangsefnið að auka möguleika á áhættufé milli landa og afnema í framhaldi af því þær hömlur sem hindra myndun frjáls markaðar. Sú þverþjóðlega starfsemi sem tvísýnast er um varðandi áhættufjármagnsmarkað er að taka við hagnaði af fjárfestingu í öðru norrænu landi, að flytja fjárfestingarkost til annars norræns lands og loks að koma á fót áhættufjármagnssjóðum með fjárfestum frá fleiri löndum.

#### TILLAGA

Norrænu atvinnuáráðherrarir ákváðu á fundi sínum í september 2004 að spurningin um norrænan áhættufjármagnsmarkað skyldi vera hluti af landamærahindranastarfinu. Nú er verið að kanna nánar hvernig draga má sem mest úr hindrunum á því sviði.

#### UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Stefnt skal að því að koma á fót skilvirkum áhættufjármagnsmarkaði á Norðurlöndum og auka þannig fjárhagslegt bolmagn til að tryggja nýsköpun byggðri á tækni betri grundvöll.

### B Upplýsingagátt fyrir atvinnulífið

#### VANDI

Lítill og meðalstór fyrirtæki með takmarkað fjármagn eru sérlega háð því að auðvelt sé að nálgast réttar upplýsingar um möguleika, kröfur, skatta, yfirvöld, samfélag og hugsanlega viðskiptavini og samstarfstengsl. Ófullnægjandi upplýsingar eða upplýsingar, sem erfitt er að nálgast, eru í sjálfu sér landamærahindranir.

#### TILLAGA

Í hinum ýmsu löndum hafa menn þegar greiddan aðgang að fjölda upplýsinga. Góð hugmynd væri að safna þeim saman í upplýsingagátt. Þess vegna á vinnan við að koma upp upplýsingagátt fyrst og fremst að felast í því að skapa yfirlit yfir upplýsingar sem þegar eru fyrir hendi.

#### UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Norrænu atvinnuáráðherrarir hafa vakið máls á því að koma á fót upplýsingagátt. Tilgangurinn er að auðvelda mönnum að finna réttar upplýsingar á sem einfaldastan hátt. Í upplýsingagátt fyrir atvinnulífið má safna saman á einn stað á Netinu þeim upplýsingum sem þegar eru fyrir hendi. Góður kostur væri að tengja hana við norrænu upplýsingaþjónustuna *Halló Norðurlönd*. Tillagan hefur ekki hlotið efnislega umfjöllun.

### c Gagnkvæm viðurkenning á vottorðum og löggildingum á byggingar- og húsnæðisviði

#### VANDI

Innan byggingar- og mannvirkjagreinarinnar eru margar reglur, bæði alþjóðlegar og á landsvísu, sem hafa áhrif á það hversu skilvirkur markaðurinn er eða hvernig slíkt takmarkar nýsköpun. Helsta átakið við að draga úr landamærahindrunum í þeirri grein felst oft í því að einbeita sér að samhæfingu á reglum og viðmiðunum milli landa. Oft má rekja reglurnar til þjóðlegra hefða, umhverfiskrafna og öryggismála.

#### TILLAGA

Unnt á að vera að þróa norrænan byggingarmarkað yfir í heildarheimamarkað þar sem hægt er að ganga bæði að framkvæmdaraðilum (iðnaðarmönnum og verkötukum) og byggingarefni á norrænum heildarmarkaði með sömu skilmálum.

#### UMFJÖLLUN/NIDURSTAÐA

Norrænu atvinnumálaráðherrarnir hafa haft samband við norræna byggingar- og húsnæðismálaráðherra með það í huga að koma á samvinnu um að samhæfa áætlanir um opnari byggingamarkað. Norrænir ráðherrar, sem bera ábyrgð á byggingarmálum, hafa þegar hafið vinnu í sambandi við aukin viðskipti með byggingarvörur milli Norðurlanda. Að þeirri vinnu eiga líka Eistland, Lettland, Litháen og Pólland virka aðild. Uppkast hefur verið gert að framkvæmdaáætlun varðandi aukin viðskipti á byggingarsviði milli fyrrnefndra landa. Ætlað er að byggingar- og húsnæðismálaráðherrar landanna níu samþykki framkvæmdaáætlunina á fundi 1. nóvember 2004. Í fyrstu lotu er takmarkið að ganga frá áætlun um samhæfingu á ýmsum löggildingarreglum innan byggingar- og mannvirkjagreinarinnar í samvinnu við fulltrúa byggingasamtaka og yfirmenn öryggismála. Auk þess er meðal annars stefnt að því að koma í kring samnorrænum hæfnivottorðum fyrir stjórnendur vinnuvéla og sprengjusérfræðinga ásamt samnorrænum löggildingum varðandi uppsetningu rafbúnaðar.

### d Norræn lögleiðing á tilskipunum ESB um félagarétt

#### VANDI

Litlir möguleikar á því að koma á fót norrænu félagi, þ.e.a.s. möguleika á því að koma á fót norrænni fyrirtækjasamsteypu án þess að þar sé gert ráð fyrir fullkomlega lögformlegri einingu í hverju landi fyrir sig, takmarka samkeppnishæfni norrænna fyrirtækja.

#### TILLAGA

Mikilvægt er að samnorræn samhæfing fari fram jafnhliða lögleiðingu á tilskipun ESB um „Evrópufélagið“ – hið svonefnda SE-félag.

#### UMFJÖLLUN/NIDURSTAÐA

Norrænir atvinnumálaráðherrar hafa fjallað um tillöguna og ákváðu þegar árið 2003 að skipa norrænan vinnuhóp sem hittist til að samhæfa landslögleiðingu á tilskipunum um félagarétt. Við lögleiðingu réttargjörða EBE gefst tækifæri til að ná fram sem mestri samhæfingu á þjóðarrétti.

### e Norræn samræming á eftirliti með mælitækjum

#### VANDI

Norðurlönd framleiða mikið af mælubúnaði svo sem vigtir, hitaorkumæla, gasmæla, vatnsmæla. Þó eru engar sérstakar kröfur á landsvísu um til að mynda viðurkenningu á stillingum og prufunaraðferðum.

#### TILLAGA

Ég tel að hér sé þörf á samræmingu. ESB vinnur að slíku en búast má við að það taki mörg ár að ljúka verkinu af. Ekkert mælir á móti því að Norðurlönd verði fyrri til. Þess vegna lagði ég til við norrænu atvinnumálaráðherrana að við Norðurlandabúar kæmum okkur saman um eftirlitskerfi og kæmum þar með í veg fyrir soun á auðlindum.



#### UMFJÖLLUN/NIDURSTAÐA

Norrænir atvinnumálaráðherrar hafa skipað norrænan vinnuhóp varðandi mælitækni sem á að efla norræna samvinnu innan ramma tilskipana ESB um mælitæki.



# Menntunarsviðið

Skilvirk samvinna um menntun á Norðurlöndum er grundvallarþáttur í því að skapa opinn og hreyfanlegan vinnumarkað á Norðurlöndum. Norræn samvinna um menntun er svið sem norrænar ríkisstjórnir hafa veitt mikinn forgang innan ramma norrænnar samvinnu.

## Í VINNUNNI VIÐ AÐ AFNEMA LANDAMÆRAHINDRANIR Á NORÐURLÖNDUM HÖFUM VIÐ EINKUM EINBEITT OKKUR AÐ EFTIRFARANDI VIÐFANGSEFNUM:

- A Gagnkvæm viðurkenning á æðri menntun á Norðurlöndum
- B Koma námsstuðningi við nemendur á Norðurlöndum í betra horf
- C Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun á Norðurlöndum
- D Koma norræna menntaskólasamkomulaginu í betra horf

### A Gagnkvæm viðurkenning á æðri menntun á Norðurlöndum

#### VANDI

Norrænum borgurum getur reynst erfitt að fá hæfni, réttindi og próf á sviði æðri menntunar samþykkt í öðrum norrænum löndum.

#### TILLAGA

Það á að auðvelda mönnum að fá hæfni, réttindi og próf á sviði æðri menntunar á Norðurlöndum viðurkennd. Vinna við einmitt þessi mál er í síauknum mæli bundin ESB-áætlunum. Það er þess vegna mikilvægt að ljóst samhengi sé milli vinnunnar á norrænu sviði og í ESB.

#### UMFJÖLLUN/NÍÐURSTAÐA

Norrænir mennta- og rannsóknaráðherrar ákváðu á fundi sínum í júní að samþykka og undirrita norræna yfirlýsingu um viðurkenningu á skírteinum varðandi æðri menntun – „*Reykjavíkuryfirlýsingin*“. Hún kemur í stað svonefnds Sigtuna-samkomulags.

Yfirlýsingunni verður fylgt eftir með reglulegri skýrslugerð – sú fyrsta árið 2005. Þetta felur í sér að áþreifanleg vandamál varðandi gagnkvæma viðurkenningu á æðri menntun verða lögð fyrir norræna mennta- og rannsóknaráðherra með jöfnu millibili.

### B Koma námsstuðningi við námsmenn á Norðurlöndum í betra horf

#### VANDI

Fyrirkomulag námsstuðnings við námsmenn á Norðurlöndum er grundvallað á afar ólíkum kerfum. Það felur í sér að námsmenn geta hafnað í þeim aðstæðum að fá ekki námsstuðning, ferðastyrk og fleira.

#### TILLAGA

Ég hef hvatt norræna mennta- og rannsóknaráðherra til að tryggja á raunhæfan hátt að enginn námsmaður komist í klípu vegna námstuðningskerfanna. Ætlunin er að sá munur, sem er á námsstuðningskerfum, verði námsmönnum ekki fjötur um fót og að upplýsingum um möguleika og skilmála verði komið í betra horf.

#### UMFJÖLLUN/NÍÐURSTAÐA

Norrænir mennta- og rannsóknaráðherrar hafa skipað vinnuhóp sem hefur umboð til að starfa áfram við að draga úr landamærahindrunum. Fyrsta greinargerð hópsins var lögð fram á fundi norrænna menntamálaráðherra í júní 2003 og var henni fylgt eftir með annarri greinargerð í júní 2004. Hópurinn vinnur áfram að málinu.

### C Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun á Norðurlöndum

#### VANDI

Norræn samvinna um menntun hefur hingað til einkum beinst að menntun á menntaskólastigi og æðri menntun. Vandamál er þó líka að finna innan annarra hluta menntakerfisins.

## TILLAGA

Með það í huga hef ég lagt til við norræna mennta- og rannsóknaráðherra að þeir líti nánar á aðra starfsmenntun sem tekur til töluvert margra borgara á Norðurlöndum.

## UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Lokið hefur verið við tilraunaverkefni sem miðar að því að kortleggja hvernig viðurkenningu á starfsmenntun er háttað á Norðurlöndum. Greinargerð, „Viðurkenning á starfshæfni á Norðurlöndum“, með fimm ákveðnum tilmælum um að styðja reynslumiðlun á Norðurlöndum og í öðrum löndum Evrópu var lögð fram og samþykkt af menntamálaráðherrum í júní 2004. Tilmælin verða liður í áætlanargerð Norrænu ráðherranefndarinnar 2005-2007 varðandi menntasvið. Tryggja skal gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun eftir föngum. Samhæfing vinnunnar miðast við ESB-samvinnu um sama mál, svonefnt Kaupmannahafnarferli.

▫ Koma norræna menntaskólasamkomulaginu í betra horf

## VANDI

Norræna menntaskólasamkomulagið hefur að afar takmörkuðu leyti verið notað af norrænum námsmönnum. Einnig hefur það hingað til verið þannig að menntaskólasamkomulagið felur ekki í sér viðurkenningu á starfstengdri menntun á menntaskólastigi.

## TILLAGA

Ég hef hvatt norræna mennta- og rannsóknaráðherra til að vinna að því að uppfæra norræna menntaskólasamkomulagið og íhuga ráðstafanir sem gætu gert það meira aðlaðandi fyrir ungmenni að ljúka menntaskólanámi í öðru norrænu landi.

## UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Norrænir mennta- og rannsóknaráðherrar samþykktu á fundi sínum í júní 2004 nýtt norrænt menntaskólasamkomulag. Nýja menntaskólasamkomulagið hefur verið fært til dagsins í dag og felur nú meðal annars í sér viðurkenningu á starfsmenntun. Vinnu við að kortleggja fjölda námsmanna, sem nýtir sér norræna menntaskólasamkomulagið, er nú lokið. Með þá niðurstöðu í huga er unnið að upplýsingaáætlun varðandi menntaskólasamkomulagið. Í því sambandi er stefnt að upplýsingaáætlunum á landsvísu, þar á meðal varðandi viðurkenningu á menntun sem er að hluta til lokið. Vinnan við að finna lausn á viðurkenningu á menntun, en henni er að hluta til lokið, verður þáttur í skipulagsáætlunum Norrænu ráðherranefndarinnar 2005-2007 varðandi menntunarsvið.

# Félags- og heilbrigðissviðið

Á félags- og heilbrigðissviði fá borgarar oft að reyna að það getur verið erfitt að glöggva sig á því hvaða réttindi gilda þegar menn annaðhvort sækja nám eða vinnu eða flytjast búferlum yfir norræn landamæri. Norrænir félags- og heilbrigðismálaráðherrar hafa þess vegna lagt áherslu á að afnema landamærahindranir einmitt á þeirra ábyrgðarsviði. Þau mál, sem hér fara á eftir, hafa verið á dagskrá hjá norrænum félags- og heilbrigðisráðherrum árið 2004 undir þemanu landamærahindranir. Forvinna að þessum málum hefur farið fram í vinnuhópum varðandi norræna félagsmálasamninga, þ.e. almannatryggingahópnum og samningshópnum um aðstoð. Hópana mynda sérfræðingar frá öllum norrænu löndunum.

- A Endurmenntun forráðamanna
- B Uppfærsla á samningnum um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu
- C Endurskoðun á fæðingarorlofsákvæðum
- D Samnorrænn pillupassi
- E Landamærahindranir varðandi hreyfihamlaða
- F Nýr norrænn samningur um félagslegt öryggi

Auk þessara mála hefur spurningin um áunnin *eftirlaunastig* og *gjaldgengi norrænna lyfseðla* á öllum norrænu löndunum verið tekin til umfjölunnar. Þeim málum var lokið á árinu 2003. Til glöggvunar verður hér gerð stuttlega grein fyrir umfjöllun þessara mála.

- A Endurmenntun forráðamanna

## VANDI

Oft getur Norðurlandabúum reynst erfitt að finna réttar upplýsingar um réttindi og möguleika.

## TILLAGA

Auk þess að efla upplýsingar um þau réttindi sem í gildi eru á Norðurlöndum mun bætt þekking forráðamanna og upplýsingar til borgarannar bæta úr þessum vanda.

## UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Norræni almannatryggingahópurinn og vinnuhópurinn um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu hefur samið tillögu um aukna notkun á Netinu sem tæki fyrir borgara, að staðið verði að miðlun opinberra starfsmanna og menntun ásamt uppfærslu á menntunartilboðum sem standa ráðgjöfum til boða. Norrænir félags- og heilbrigðisráðherrar hafa veitt fé til að koma í gagnið rafrænu greiningartæki fyrir hlutaðeigandi ráðgjafa á Norðurlöndum vorið 2004. „E-form Analysing Tool (EAT)“ er upplýsingatæki sem inniheldur nýjustu uppfærslur, dómsúrskurði o. fl. varðandi almannatryggingasviðið í ESB. Einnig er unnið að upplýsingabæklingi til að kynna tækið.

- B Uppfærsla á samningi um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu

## VANDI

Það er mikilvægt að borgararnir lendi ekki milli kerfa og hætti þar með á að fá ekki félagslega aðstoð eða missa réttinn á félagslegri þjónustu.

## TILLAGA

Norræni samningurinn um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu felur meðal annars í sér leiðbeiningar um greiðslur varðandi félagslega aðstoð eða félagslega þjónustu, heimsendingar, ferðir og flutning á þeim sem þarfnast mikillar umönnunar í sambandi við dvöl eða flutning til annars norræns lands. Þess vegna er mikilvægt að norræni samningurinn sé uppfærður og þjóni sínum tilgangi.

## UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Norræni aðstoðarhópurinn vinnur bæði að því að uppfæra og endurbæta samninginn um félagslega aðstoð og félagsleg framlög. Norrænir félags- og heilbrigðisráðherrar ákváðu í ágúst 2004 að styðja í meginatriðum tillögunu um að samningurinn skuli fela í sér ákvæði um að koma á samvinnuskyldu sveitarfélaga varðandi þörf hreyfihamlaðra fyrir félagslega aðstoð og félagslega þjónustu við flutning. Heildartillaga

um breytingar á samningnum eru í burðarliðunum. Hún skal auk þess fela í sér að menn íhugi samvinnuskyldu varðandi flutningsþjónustu. Norrænir félags- og heilbrigðisráðherrar hafa lagt áherslu á að vinnunni sé flýtt eftir föngum.

### c Endurskoðun á fæðingarorlofsákvæðum

#### VANDI

Á Norðurlöndum gilda afar mismunandi reglur um fæðingarorlof foreldra. Þess vegna fá margir að reyna að það getur verið erfitt að fá glöggt yfirlit yfir þær reglur, sem í gildi eru, búi þeir til að mynda í einu norrænu landi en starfi í öðru.

#### TILLAGA

Í ljósi þess lagði ég til við norræna félags- og heilbrigðisráðherra að líta nánar á þau tilvik þar sem borgarar komast í klípu vegna mismunandi reglugerða þegar kemur að fæðingarorlofi. Það er mikilvægt að finna raunhæfar lausnir á þessu.

#### UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Norræni almannatryggingahópurinn fæst við áþreifanleg vandamál varðandi fæðingarorlof. Þar er stefnt að greinargerð varðandi möguleika á endurskoðun fæðingarorlofsákvæða. Á fundi félags- og heilbrigðisráðherra í ágúst 2004 var lögð mikil áhersla á að fá fram raunhæfar og efnislægar tillögur um úrbætur á þessu sviði. Almannatryggingahópurinn heldur starfi sínu áfram og stefnir að greinargerð félags- og heilbrigðismálaráðherrum til handa í júní 2005.

### d Samnorrænn pillupassi

#### VANDI

Á Norðurlöndum gilda mismunandi skilyrði fyrir því hvaða lyf, sem innihalda fíkni- eða geðvirk efni, megi flytja milli landa. Þetta er sérlega erfitt fyrir þá sem eru á tíðum ferðalögum eins og til að mynda til og frá Bornhólmi með viðkomu í Svíþjóð/Ystad.

#### TILLAGA

Með það í huga er lagt til að Norðurlönd komi sér saman um samnorræna lista yfir örvandi efni sem krafist er gagna um að ferðamaðurinn hafi í fórum sínum á lögmætan hátt þegar þau eru flutt inn sem efnisþáttur í lyfi.

#### UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Vinnuhópur hefur samið tillögu sem miðar að því að skýra hvaða örvandi lyf megi flytja milli norrænna landa. Norrænir ráðherrar, sem eru ábyrgir fyrir fíkniefnamálum, komu sér saman um á fundi sínum í ágúst 2004 að:

- Samþykkja þann lista sem vinnuhópurinn leggur til sem sameiginlega afstöðu
- Aðhæfa listann á landsvísu svo framarlega sem það stangast ekki á við alþjóðlegar skyldur hvers land fyrir sig, þar á meðal alþjóðlega samninga
- Mælast til þess við embættismannanefndina að hún skeri úr um hvort vandkvæði séu fyrir hendi varðandi alþjóðasamninga – og sé svo – vinni að því að tryggja breytingar á þessum samningum í samræmi við sameiginlega afstöðu

### e Landamærahindranir varðandi hreyfihamlaða

#### VANDI

Flytji hreyfihamlaður borgari til annars norræns lands skiptir persónuleg aðstoð miklu. Það sama gildir um tímabundna túlkajónustu við flutning milli norrænna landa.

#### TILLAGA

Með það í huga hef ég lagt til að norrænir félags- og heilbrigðismálaráðherrar veiti þessari vinnu forgang og varpi í því sambandi ljósi á það hvaða réttindi varði sérstaklega hreyfihamlaða á Norðurlöndum.

#### UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Árið 2002 ákváðu norrænir félags- og heilbrigðisráðherrar að leggja áherslu á spurninguna um landamærahindranir

varðandi hreyfihamlaða í vinnu sinni við afnám landamærahindrana. Á afmælishátíðarþingi Norðurlandaráðs árið 2002 lögðu þeir fram sérstaka ráðherranefndartillögu til að fylgja greinargerðinni eftir, „Óheftur hreyfanleiki fyrir alla – Landamærahindranir varðandi hreyfihamlaða á Norðurlöndum“. Vinnuhópur varðandi samninginn um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu hefur einkum unnið að því að fylgja málinu eftir.

Félags- og heilbrigðismálaráðherrar samþykktu á fundi sínum í ágúst 2003 frekari yfirferð og tillögur varðandi flutningsþjónustu á Norðurlöndum. Jafnframt skyldi upplýsingaframlag aukið, ásamt möguleikum á persónulegri aðstoð við flutning og túlkþjónustu ásamt gagnkvæmri viðurkenningu á bótum vegna fötlunar. Framhaldsgreinargerðar er að vænta.

#### † Nýr norrænn samningur um félagslegt öryggi

#### VANDI

Breytingar á reglugerðum ESB fara fram með jöfnu millibili á félagsmálasviðinu innan svonefndrar reglugerðar 1408/71. Það getur auðvitað leitt til þess að óljóst verður um þær reglur sem gilda líka á Norðurlöndum.

#### TILLAGA

Það er þess vegna nauðsynlegt að skera úr um og skýra hvaða reglur séu í gildi fyrir norræna ríkisborgara.

#### UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Norrænir félags- og heilbrigðisráðherrar undirrituðu í ágúst 2003 nýja norræna samninginn um félagslegt öryggi. Þar er norræni samningurinn uppfærður einkum í sambandi við nýjar breytingar á reglugerðum ESB á félagsmálasviði (reglugerð 1408/71). Samningurinn tók gildi 1. september 2004. Hann hefur þó ekki enn öðlast gildi í Færeyjum og á Grænlandi. Heimastjórnir á sjálfstjórnarsvæðunum verða sjálfar að taka ákvörðun um aðild.

#### Varðandi áunnin eftirlaunastig

Norrænir félags- og heilbrigðismálaráðherrar ákváðu árið 2002 að kanna og meta möguleika á að breyta reglum um áunnin eftirlaunastig varðandi opinbera starfsmenn á Norðurlöndum. Þessi vandi kom í ljós í greinargerðinni „Réttindi Norðurlandabúa“. Málið hefur verið til umfjöllunar í svonefndum almannatryggingahópi og í framhaldi af því hjá norrænum félags- og heilbrigðisráðherrum. Niðurstaða varðandi þennan vanda var eftirfarandi:

„Lagt er til að ekki sé gert neitt sérstakt átak í málinu vegna:

- Markmiðsins með reglunum. Þar er um að ræða grunneftirlaun til fólks sem hefur ekki stundað atvinnu í neinu landi og á að auðvelda umsýslu með afar lágar upphæðir. Markhópurinn er lítill og minnkar stöðugt með árunum.
- Þeim hópum fólks, sem heyra undir reglugerð ESB 1408/71, mun fjölga og þar verður líka um að ræða fólk sem ekki stundar atvinnu. Í umræðunni um þessa fjölgun hafa Danir boðað kröfu um undantekningu sem í því samhengi felst í að þar verður áfram staðið fast á þriggja ára reglu í samræmi við þá sem nú gildir í norræna samningnum. Þetta hefur í för með sér að ekki er samkomulag á Norðurlöndum um að falla frá þriggja ára reglunni áður en hin endurskoðaða reglugerð ESB öðlast gildi.

Ekki er talið tímabært að hafast frekar að í því máli.“

Með öðrum orðum er hér um að ræða landamærahindrun sem hefur varla mikla þýðingu fyrir Norðurlandabúa þar sem hér um að ræða afar takmarkaðan hóp borgara. Verið er að koma reglu á málið innan regluramma ESB.

### **Varðandi norræna lyfseðla sem gilda skulu alls staðar á Norðurlöndum**

Norrænir félags- og heilbrigðisráðherrar hafa lagt drög að mati á norræna samkomulaginu um gildi lyfseðla. Svíar höfðu á sinni formennskutíð forgöngu um fund fulltrúa lyfjaeftirlits alls staðar á Norðurlöndum í september 2003 til að ræða reynslu af norræna samningnum um gildi lyfseðla og önnur lyfjamál sem á brenna innan Norðurlanda. Niðurstöður fundarins voru að möguleikar á að nota lyfseðla gefna út í einu norrænu landi í lyfjaverslunum hinna væru í afar litlum mæli notaðir. Fá vandamál hafa verið tilkynnt og yfirleitt telst meðhöndlun á samkomulaginu viðunandi.

Í öllum löndum nema Danmörku hafa reglurnar verið rýmkaðar þannig að þær nái til ESB-/EESborgara. Talið er að með þessari þessi rýmkun venjist lyfjaverslanir á landsvísu því frekar að afgreiða lyfseðla gefna út í öðru landi.

Gert er ráð fyrir tíðum norrænum fundum á lyfjasviði. Með tilliti til þessara umræðna og niðurstaðna var þó ekki talið nauðsynlegt að halda að sinni áfram með frekara mat á norræna lyfjasamkomulaginu um gildi lyfseðla.

# Skattasviðið

Skattasviðið hefur afgerandi þýðingu. Óöryggi varðandi tekjuskatt eða skatt á eftirlaun getur skipt sköpum fyrir einstaklinginn þegar valið stendur um að flytja eða starfa í öðru norrænu landi. Skattasviðið hefur þess vegna verið mikilvægur þáttur í vinnunni við að afnema landamærahindranir á Norðurlöndum.

## VARÐANDI VINNU SÍNA VIÐ AFNÁM LANDAMÆRAHINDRANA HAFNA NORRÆNIR FJÁRMÁLA- OG SKATTARÁÐHERRAR EFTIRFARANDI Á DAGSKRÁ:

- A Áþreifanlegar landamærahindranir á skattasviði
- B Að koma upp norrænni skattgátt og koma á fót norrænni vefskattstofu
- C Þverþjóðleg peningaviðskipti á Norðurlöndum

### A Áþreifanlegar landamærahindranir á skattasviðinu

Norræna upplýsingaþjónustan *Halló Norðurlönd*, aðrar upplýsingaþjónustur og skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar fá stöðugt fyrirspurnir með áþreifanlegum dæmum um landamærahindranir á skattasviði. Þar er til að mynda um að ræða skattlagningu á eftirlaun, skattlagningu á aðstoðarmenn sem vinna um stundarsakir í öðru norrænu landi, skattlagningu á sérstökum starfshópum, t.d. sjómönnum o. fl.

#### TILLAGA

Ég hef lagt til við norræna fjármála- og skattaráðherra að meðhöndla áþreifanlegar hindranir með tilliti til samræmingar á norræna skattasamkomulaginu.

#### UMFJÖLLUN/NIDURSTAÐA

Norrænir fjármálaráðherrar samþykktu árið 2003 að skipa norrænan skattahóp til að safna saman og lýsa málum sem á brenna. Hópurinn hefur nú

skilað greinargerð. Þar koma fram ýmis áþreifanleg dæmi um landamærahindranir á skattasviði. Verið er að vinna að fullkomnum lista yfir þessi mál og verður hann lagður fram á fundi norrænna fjármálaráðherra í nóvember 2004.

### B Rafrænt skattútreikningslíkan/Norræn skattgátt/Vefskattstofa

#### VANDI

Það getur verið erfitt fyrir hvern einstakan borgara að sjá út í æsar hvaða afleiðingar vinna eða búseta í öðru norrænu landi getur haft. Útkoman getur auðvitað stuðlað að því að það virkar torsótt og óöruggt að starfa í öðru norrænu landi.

#### TILLAGA

Vorið 2003 lagði ég til við norræna fjármála- og skattaráðherra að íhuga möguleika á að koma á laggirnar rafrænu skattútreikningslíkani þannig að hver einstakur borgari gæti áður en hann flytur fengið betri innsýn í hvaða afleiðingar búseta eða starf í öðru norrænu landi hefur hvað skatta varðar.

#### UMFJÖLLUN/NIDURSTAÐA

Norrænir fjármála- og skattaráðherrar fólu norræna skattahópnum að kanna möguleika á því að koma á laggirnar rafrænu skattútreikningslíkani. Hópurinn komst að raun um að ekki væri tæknilega mögulegt að koma á laggirnar rafrænu skattútreikningslíkani sem gæfi norrænum borgurum nægilega nákvæma mynd af tekjuskattsþrepi þegar um er að ræða starf eða búsetu í öðru norrænu landi. Norræni skattahópurinn lagði til að í stað þess yrði komið upp *norrænni skattgátt og norrænni vefskattstofu*.

Norrænni skattgátt á Netinu verður komið upp sem liði í að veita bæði borgurum og ráðamönnum betri upplýsingar um skattlagningu á borgurum sem annaðhvort starfa eða setjast að í öðru norrænu landi. Markmiðið er að auðvelda þannig borgurum og fyrirtækjum að finna viðkomandi upplýsingar og vera þeim



innan handar við meðhöndlun skattamála. Norræn skattyfirvöld hyggjast mynda sérstakan verkefnahóp til að gera grein fyrir sameiginlegri rafrænni þjónustu. Þjónustan er ætluð norrænum borgurum sem þurfa að vera í tengslum við skattyfirvöld í fleiru en einu landi.

Með norrænni vefskattstofu er átt við norræna samstarfsstofnun sem ber ábyrgð á tengiliðum varðandi norræn skattamál og upplýsingar til norrænna borgara um norrænar skattaáðstæður. Norræn skattstofa er skipuð fulltrúa frá hverju landi. Markmiðið með norrænni skattstofu er að koma á kerfi með samnorrænum tengiliðum þar sem hægt er að leggja fyrir þau skattamál sem á brenna. Málsmeðferð og embættisfærsla verða innan þess ramma sem tíðkast hjá hinu opinbera.

### c Þverþjóðleg peningaviðskipti á Norðurlöndum

#### VANDI

Peningaviðskipti milli Norðurlanda geta oft verið kostnaðarsöm og margir dagar geta liðið þar til móttakandi getur fært peningana inn á reikninginn sinn.

#### TILLAGA

Með það í huga lagði ég til við norræna fjármálaráðherra að þeir mætu möguleikana á því að samræma gjaldupphæð fyrir færslu milli Norðurlanda og eins tímann sem hún tekur. Norræna félagið hefur oft að gefnu tilefni kannað hvernig slíkum viðskiptum er háttað á Norðurlöndum. Niðurstaðan var að bankarnir hafa fært upplýsingar varðandi fyrirkomulagið í betra horf og það hefur liðkað til fyrir viðskiptum milli norrænna landa.

#### UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Norrænir fjármálaráðherrar hafa oft rætt spurninguna um peningaviðskipti á Norðurlöndum. Ekki hefur tekist að ná samkomulagi um að krefjast þess af norrænum bönkum að þeir taki sama gjald fyrir norrænar yfirfærslur og innlendar færslur. Norrænir fjármálaráðherrar samþykktu hins vegar yfirlýsingu í maí 2004 að yfirfærsla á greiðslum á Norðurlöndum ætti ekki taka lengri tíma en að hámarki þrjá virka daga.

# Svæðasviðið

Svæðasviðið gegnir sérstöku hlutverki í vinnunni við að afnema landamærahindranir eftir að norrænar landamæranefndir komu til sögu. Svæðalandamæranefndir vinna á staðbundnu og svæðisbundnu stigi við að afnema gagnslaugar hindranir sem hefta hreyfanleika milli norrænna landa. Með tilkomu landamæramáladeildarinnar eru norrænar landamæranefndir í beinu samstarfi við Norrænu ráðherranefndina. Norrænir svæðaráðherrar hafa eftirfarandi á dagskrá:

- A Áætlun um bestu úrlausnir á landamærasvæðum – GOLIN-áætlunin
- B Tölfræðilegar upplýsingar um vinnusókn yfir landamæri á Norðurlöndum
- C Áætlunir um menntun og hæfnipróun og þar með vinnumarkað

- A Áætlun um bestu úrlausnir á landamærasvæðum á Norðurlöndum – GOLIN-áætlunin

Landamærasvæðin fjögur (Øresund, Östfold-Bohuslän/Dalsland, Haparanda/Torneå og ARKO) munu hafa samstarf um að kortleggja *Bestu úrlausnir á landamærasvæðum á Norðurlöndum*, GOLIN. Takmarkið með GOLIN-áætluninni er að auðkenna sameiginleg hindranavandamál á vinnumarkaði og skýra hvernig brugðist er við þeim á viðkomandi svæðum.

Miðlægt í áætluninni eru vinnufundir þar sem hlutaðeigandi aðilar kynna framtak heimamanna. Þar verður einnig rætt hvernig önnur landamærasvæði geta lært af þessari reynslu. Þátttakendur á hverjum vinnufundi eru þeir sem hafa vegna starfa sinna dagleg kynni af fólki sem fer á milli og starfsemi yfir landamæri. Þetta gefur grundvöll fyrir miðlun á áþreifanlegri reynslu og „bestu aðferðum“.

Á fyrsta GOLIN-vinnufundinum í ágúst 2003 var umfjöllunarefnið einkum hið opinbera (skattar,

almannatryggingar, vinnumiðlun o.s.frv.). Á næsta vinnufundi í Tornio-Haparanda í febrúar 2004 var þemað „Sameiginlegur vinnumarkaður, kenning og framkvæmd“. Undir þeim hatti var einnig rætt um fyrirtæki, vinnuveitendasamtök, samtök launafólks og valdar áætlunir um vinnumarkað yfir landamæri. Í september 2004 var þriðji vinnufundurinn haldinn í Helsingør og þar var þemað „Menntun og hæfnimiðlun á Norðurlöndum“. Þetta efni var valið vegna þess stefnumáls að tryggja eigi fyrirtækjum á Norðurlöndum hæft starfsfólk og að tryggja eigi launafólki möguleika á að nýta sér hæfni sína alls staðar á Norðurlöndunum. Í vinnufundinum tóku þátt fulltrúar hins opinbera, menntunarfræðingar, aðilar vinnumarkaðar og samtaka ásamt fulltrúum staðbundinna verkefna á landamærasvæðunum fjórum.

- B Tölfræðilegar upplýsingar um vinnusókn yfir landamæri á Norðurlöndum

Það skiptir miklu að hafa tölfræðilegar upplýsingar um vinnusókn yfir landamæri á Norðurlöndum þegar unnið er með vandamál varðandi landamærahindranir. Ráðherranefnd svæðamála hefur í því sambandi látið hefja vinnu við að fá heildarmynd af vinnusókn yfir landamæri á Norðurlöndum. Í apríl 2004 var lögð fram hluti af samantekt um vinnusókn yfir landamæri Svíþjóðar/Noregs. Ætlað er að verkinu verði lokið í árslok 2004.

## Áætlun um menntun og hæfnipróun og vinnumarkaðsmál

Í september 2004 veitti embættismannanefnd svæðamála fé úr sérstökum „landamærahindranasjóði“ til tveggja verkefna sem Eyrarsundsnefndin átti frumkvæði að. Annað þeirra tekur til vinnumarkaðarins og hindrana varðandi hann sem rekja má til mismunandi lagasetninga og hefða. Í hinu verkefninu er fjallað um menntun og hæfnipróun yfir landamæri og skilyrðin fyrir áframhaldandi þróun á þeirri samvinnu. Báðum verkefnum verður lokið í síðasta lagi 2004.

## Dómsmálasviðið

### VANDI

Á Norðurlöndum gilda mismunandi meginreglur varðandi búskipti við skilnað og erfðarétt maka.

### TILLAGA

Norrænir dómsmálaráðherrar létu hefja umfangsmikla vinnu við að kortleggja lagasetningar í hjúskapar- og sifjalöggjöf á Norðurlöndum. Fjórar samantektir hafa verið lagðar fram síðan 2003.

### UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Norrænir dómsmálaráðherrar fjölluðu síðast um málið í júní 2004 og samþykktu þá eftirfarandi:

- Að gefa norrænum sérfræðingahópi, sem fjallar um sifjarétt, umboð til að fylgjast stöðugt með og kanna raunhæfa möguleika á samræmingu á þessu sviði.
- Að þegar gerð er úttekt á sifjaréttarmálum á landsvísu skuli stefnt að því að þeir sem að henni standa fái jafnframt fyrir mæli um að leggja áherslu á spurninguna um norrænt réttaröryggi.
- Að fela embættisnefnd löggjafarmála að skipuleggja norræna ráðstefnu um umbætur á norrænu erfðalöggjöfinni með þá ætlun í huga að framhald verði á samskiptum og samstarfi.

## Neytendasviðið

Áætlun um grundvallargreiðsluþjónustu, þar á meðal kröfuna um kennitölu þegar opnaður er reikningur í banka.

### VANDI

Oftast er kennitölu krafist þegar opnaður er reikningur í banka. Í sumum tilvikum geta Norðurlandabúar þó opnað bankareikninga án þess.

### TILLAGA

Þetta bendir til þess að leiðbeiningar á þessu sviði séu afar óljósar. Unnið hefur verið að úttekt á því og þar verður meðal annars gerð grein fyrir hvaða skilyrði, þar á meðal krafa um kennitölu, séu fyrir því að opna bankareikning.

### UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Úttektin var lögð fram vorið 2004 en hefur ekki verið tekin til umfjöllunar af neytendaráðherrum.

# Þverlæg þemu í vinnunni við að afnema landamærahindranir

## Úthlutun kennitölu

### VANDI

Við flutning milli norrænna landa ber viðkomandi að hafa með sér samnorrænt flutningsvottorð. Bregðist það geta orðið tafir á úthlutun kennitölu. Vanti kennitölu getur það haft vanda í för með sér á ýmsum sviðum, meðal annars þegar opna skal bankareikning, leggja fram skattkort vegna launagreiðslu, gera leigumála o.fl.

### LAUSN

Norrænir samstarfsráðherrar tóku að sér það verkefni árið 2003 að bæta kerfið varðandi úthlutun kennitalna. Sérfræðingar frá norræna þjóðskrárkerfinu hafa síðan unnið dyggilega að því að bæta kerfið fyrir þá borgara sem flytja milli norrænna landa. Vinnan við að bæta kerfið hefur leitt til að endurskoðað samkomulag hefur verið lagt fram.


### UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Eftirtektarverður árangur hvað borgarann snertir er að endurskoðun á samkomulaginu um þjóðskrá hefur leitt til afnáms á samnorrænum flutningsvottorðum. Héðan í frá er hægt að skrá borgara, sem flytja til annars norræns lands og uppfylla skilyrði þess lands fyrir skráningu aðfluttra, í þjóðskrá og úthluta þeim kennitölu án frekari tafa. Auk þess má leita rafrænt upplýsinga, sem áður komu fram á samnorrænum flutningsvottorðum, hjá forráðamönnum norrænna þjóðskrármiðstöðva sem samið hafa um þetta. Ætlað er að nýja og endurskoðaða samkomulagið verði undirritað í nóvember 2004.

## Norrænn málsamningur

Gerð hefur verið lögfræðileg úttekt á rétti Norðurlandabúa til að nota eigið mál í samskiptum við hið opinbera í öðru norrænu landi og upplýsinga-áætlun varðandi norrænan málsamning liggur nú fyrir. Úttektin hefur verið lögð fyrir norræna samstarfsráðherra sem bíða áhlits sérfræðinga áður en endanleg afstaða er tekin.

Lögfræðilega úttektin felur í sér samanburð á norræna málsamningnum við samsvarandi alþjóðasamninga ásamt úttekt á því hvort grundvöllur skapist fyrir breytingu á málsamningnum þegar málinu verður framfylgt á landsvísu.



# Sérstakar landamærasvæðahindranir

Norræn landamærasvæði hafa hvert um sig sínar landfræðilegu landamærahindranir. Meðfram sænsk/norsku landamærunum eru sérstakar hindranir varðandi atvinnutengda umferð. Þegar Svíar leiddu norrænt samstarf á árinu 2003 var hafin markviss vinna við að afnema landamærahindranir varðandi atvinnutengda umferð á Norðurlöndum. Hindranir á landamærasvæðum bitna sérstaklega á Bornhólmsbúum. Eitt af vandamálunum er að á Norðurlöndum eru mismunandi ákvæði um það hvaða lyf, sem innihalda fíkn- og geðvirk efni, megi flytja á milli landa. Þetta er einkum erfitt fyrir þá sem eiga oft leið milli landa, eins og til að mynda til og frá Bornhólmi með viðkomu í Svíþjóð/Ystad, sbr. kafla um félags- og heilbrigðismálasvið hér á undan. Íslendingar lenda líka oft í vandræðum vegna sérstakrar nafnahefðar á Íslandi.

## HÉR Á EFTIR FARA DÆMI UM ÞÁ VINNU, SEM HAFIN ER, TIL AÐ AFNEMA ÞESSAR SÉRSTÖKU HINDRANIR Á LANDAMÆRASVÆÐUM:

- A Atvinnutengdar svæðisbundnar landamærahindranir
- B Landamæravandamál fyrir þá sem ferðast til og frá Bornhólmi með viðkomu í Ystad
- C Íslensk nafnahefð

- A Atvinnutengdar svæðisbundnar landamærahindranir

### VANDI

Meðfram norrænum landamærum er við ýmsan vanda að etja varðandi tollskoðun og gjöld á tollstöðvum. Auk þess skortir samnorrænar reglur um kröfur varðandi ökutæki, lengd, breidd og þunga.

### TILLAGA

Þegar Svíar fóru með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni árið 2003 var haldin ráðstefna í Karlstad sem boðið var á sérfræðingum og

embættismönnum á Norðurlöndum til að leita lausnar á þessum vandamálum. Ráðstefnunni var fylgt eftir síðar á árinu með ráðstefnu í Östersund með þátttöku stjórnámálanna.

### UMFJÖLLUN/NIDURSTAÐA

Með því að stefna saman viðkomandi sérfræðingum og embættismönnum tókst Svíum í sinni formannstíð að ná eftirtektarverðum og áþreifanlegum árangri. Staða mála er nú þessi:

- Umbætur í meðferð tollamála og gjalda á landamærum Svíþjóðar/Noregs skulu koma til framkvæmda á árinu 2004
- Tollur á tímabundnum innflutningi véla lækkar. Hefur þegar komið til framkvæmda
- Slakað skal á skilyrðum varðandi flutningabíla sem fara yfir landamæri með blandaðan farm – tilraunaverkefni sem hrundið var af stað í janúar 2004
- Sveigjanlegri kröfur varðandi lengd, breidd, og þunga ökutækis – lagt var til að Norðmenn og Danir gerðu tilraun með fyrirkomulag á því. Norðmenn sjá sér þó ekki fært að sinni að breyta núverandi kröfum
- Gagnkvæm viðurkenning á löggildingu stjórnenda vinnuvéla – reynt verður að koma á norrænni samræmingu 2004

- B Landamæravandamál Bornhólmsbúa sem ferðast til og frá Bornhólmi með viðkomu í Ystad

### VANDI

Gerðar eru sérstakar kröfur til ferðamanna með gæludýr sem koma við í Svíþjóð/Ystad á leið sinni til og frá Bornhólmi. Þær fela í sér að eigendur gæludýra skuli útvega sér yfirlýsingu frá sænsku Landbúnaðarstofnuninni, sem eigandinn svo undirritar, um að flutningur fari einungis fram á svæðinu milli Limhamn, Helsingborg, Lernacken og Ystad, að dýrið hafi ekki verið utan Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs undanfarna sex mánuði, að dýrið yfirgefi ekki bílinn á ferð sinni um Svíþjóð, að dvölin í

Svíþjóð verði ekki lengri en fjórir tímar, að dýrið sé merkt með húðflúri eða örflögu og að dýrið hafi verið ormahreinsað.

#### TILLAGA

Ég hef með jöfnu millibili bent bæði danska matvælaráðherranum og sænska landbúnaðarráðherranum á vandann með það í huga að finna lausn sem sé bæði einföld og neytendavæn í framkvæmd. Núverandi flutningsákvæði ná ekki til ferðamanna sem ferðast til og frá Bornhólmi um Svíþjóð með lest/rútu.

#### UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Með lögleiðingu nýrra strangra ESB-reglna á sviðinu var í vor útlit fyrir að vandinn yrði enn meiri. Sem betur fer komu Danir og Svíar sér saman um að biðja Evrópu-framkvæmdanefndina að samþykkja fyrst um sinn þau flutningsákvæði sem fyrir hendi eru en þau fela í sér áðurnefndar kröfur. Þetta er mál sem ég ætla mér að vinna að áfram.

#### c Íslenska nafnahefðin

#### VANDI

Íslensk nafnahefð felst í því að kenna börn við föður sinn að viðbættu dóttir eða -sonur. Dæmi eru um að yfirvöld í öðrum norrænum löndum hafi hafnað tilmælum foreldra um að skrá íslensku nöfnin.

#### TILLAGA

Ég hef borið vandann upp við danska forsætisráðherrann. Kveikjan að því var lausn sem Svíar hafa fundið á málinu.

#### UMFJÖLLUN/NIÐURSTAÐA

Hingað til hefur það verið þannig að Íslendingar hafa átt í vandræðum með nota nafnahefð sína í Svíþjóð. Áþreifanlegt dæmi er að sænsk skattfyrirvöld neituðu tilmælum foreldra um að skrá íslensku nöfnin. Sá vandi er nú leystur.

Sænska ríkisstjórnin hefur ákveðið breytingu á nafnaákvæðum. Hún felur í sér að íslenskir borgarar, sem hafa jafnframt sænskt ríkisfang, geta haldið eða hlotið það nafn sem hún/hann óskar í samræmi við íslenska nafnahefð. Kostnaður við slíkt hefur verið felldur niður. Breytingin öðlaðist gildi 1. maí 2003. Íslendingar eiga auk þess í svipuðum vandræðum í Danmörku. Með það í huga hef ég borið vandann upp við danska forsætisráðherrann. Sem svar við því var ég upplýstur um að vandinn sé til umfjöllunar sem liður í vinnu nafnalaganefndar. Hún hefur sent frá sér álistgerð sem tekur meðal annars á slíkum vanda. Ég bíð hins vegar frekari umfjöllunar.

Hefur þú hugsað þér að flytja, stunda nám eða vinna í öðru Norðurlandi?

Halló Norðurlönd getur verið þér til aðstoðar



norden

Norræna ráðherranefndin

[www.HalloNorden.org](http://www.HalloNorden.org)

Halo Pohjola!  
Halló Norðurlönd!  
Hallo Norden!  
Hallå Norden!



**Norræna ráðherranefndin** var stofnuð árið 1971 sem samstarfs-  
vettvangur ríkisstjórna Norðurlanda. Ráðherranefndin leggur fram  
tillögur á þingum Norðurlandaráðs, vinnur úr samþykktum ráðsins,  
gerir Norðurlandaráði grein fyrir niðurstöðum samstarfsins og stjórnar  
starfinu á hinum ólíku sviðum. Umsjón með samræmingu samstarfsins  
hafa samstarfsráðherrar sem valdir eru af ríkisstjórnnum viðkomandi  
landa. Samsetning ráðherranefndarinnar er mismunandi og ræðst  
af því hvaða málefni er til umfjöllunar.

Nordisk Ministerråd  
Store Strandstræde 18  
DK-1255 København K  
Tlf +45 3396 0200  
Fax +45 3396 0202

[www.norden.org](http://www.norden.org)

**Norðurlandaráð** var stofnað árið 1952 sem samstarfsvettvangur  
þjóðþinga og ríkisstjórna Danmerkur, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Premur  
árum síðar bættist Finnland í hópinn. Fulltrúar Færeyja og Grænlands eru  
hluti landsdeildar Danmerkur, og fulltrúar Álandseyja eru hluti þeirrar  
finnsku. Í Norðurlandaráði eiga sæti 87 fulltrúar. Norðurlandaráð tekur  
frumkvæði, veitir ráðgjöf og hefur með höndum eftirlit með norrænu  
samstarfi. Starfsemi Norðurlandaráðs fer fram á Norðurlandaráðsþingum,  
í forsætisnefnd Norðurlandaráðs og í fastanefndum þess.

Nordisk Råd  
Store Strandstræde 18  
DK-1255 København K  
Tlf +45 3396 0400  
Fax +45 3311 1870



norden

Norræna ráðherranefndin

